

Skoðaðu hug þinn vel, þegar þú ert glaður,
og þú munt sjá, að aðeins það,
sem valdið hefur hryggð þinni, gerir þig
glaðan.

Þegar þú ert sorgmæddur, skoðaðu þá aftur
hug þinn,
og þú munt sjá, að þú grætur vegna þess,
sem var gleði þín.

Spámaðurinn

*Víðbrögð við áföllum
í Grunnskólanum á Ísafirði*

Áfallaráð GÍ skólaárið 2016-2017

Skólastjóri	Sveinfríður Olga Veturliðadóttir	vs: 450-8300	hs: 456-3528	Gsm: 899-1865
Aðst.sk.stj	Helga S. Snorradóttir	vs: 450-8300	hs: 456-4174	Gsm: 663-0620
Skólaritari	Svanfríður Arnórsdóttir	vs: 450-8300	hs: 456-3970	Gsm: 6930886
Prestur	Magnús Erlingsson	vs: 456-3171	hs: 456-3017	Gsm: 844-7153
Hjúkrunarfr.	Henný Prastardóttir	vs: 450-3100	hs:	Gsm: 691-6583
Námsráðgjafi	Inga Bára Þórðardóttir	vs: 450-8300	hs: 456-4063	Gsm: 8687648

Sýni fjölmiðlar áhuga á atvikum í tengslum við áföll sem tengjast skólanum er skólastjóri eða staðgengill hans eini tengiliður skólans við þá Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi allar upplýsingar.

Við Grunnskólann á Ísafirði er starfandi áfallaráð

Hlutverk þess er að:

- fara með verkstjórn þegar sorgaratburðir, válegir atburðir eða alvarleg áföll verða meðal nemenda og /eða starfsfólks innan skólans eða í tengslum við hann.
- standa að fræðslu fyrir starfsfólk skólans um viðbrögð barna og unglinga við áföllum (þó ekki í tengslum við sorgaratburði).
- sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum
- hvetja kennara til að fjalla um dauðann/áföll/missi í kennslu sinni án sérstaks tilefnis
- sjá til þess að foreldrum sé bent á það á hverju hausti að skólinn vill vita ef breytingar verða á heimilishögum nemenda, s.s. alvarleg veikindi, skilnaður og dauðsfall.

Í áfallaráði skólans eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, skólaritari, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, sálfræðingur og sóknarprestur. Taka þarf tillit til þess ef einhver sem sorgaratburður snertir náði vill ekki íhlutun prests eða einhvers framantalins aðila,

Skólastjóri (aðstoðarskólastjóri) er aðalstjórnandi viðbragðaferils. Hann aflar upplýsinga, staðfestir og veitir þær. Ef kennari eða annar starfsmaður fréttir af áfalli í tengslum við skólann kemur hann upplýsingum til skólastjóra.

Áfallaráð er stjórnanda til halds og trausts og aðstoðar hann við að skipuleggja viðbrögð og aðgerðir.

Í byrjun hvers skólaárs skal áfallaráð koma saman og athuga hvort breyting hafi orðið á aðstæðum nemenda eða starfsfólks vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra áfalla. Áfallaráð skal ræða þau áföll sem upp hafa komið og taka ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið. Skólastjóri getur kallað ráðið saman að ósk starfsmanna þegar þurfa þykir.

Skrifstofa skólans skuli halda sérstaklega utan um slíkar upplýsingar.

Hver og einn þeirra sem í ráðinu sitja hafa undir höndum leiðsagnarmöppu þessa. Auk þess liggja leiðsagnarmappa hjá ritara og í vinnuherbergi kennara þannig að allir hafi greiðan aðgang að henni og geti kynnt sér efni hennar.

Mappa þessi er til leiðsagnar þegar áföll verða. Skal endurskoða hana árlega.

Auk þess liggur frammi mappa á bókasafni með ýmsu lesefni og ábendingum. Einnig eru í vörslu ritara hvít kerti til notkunar ef þurfa þykir.

Áföll og áfallahjálp

Áfall

Samkvæmt skilgreiningu GÍ er áfall:

- alvarlegt slys,
- alvarlegur sjúkdómur
- andlát
- önnur viðlíka þungbær reynsla

Áfallahjálp

- Áfallahjálp miðar að því að hjálpa fólki fyrstu skrefin í tilfinningalegri úrvinnslu. Má því segja að með áfallahjálpinni sé veitt sálræn skyndihjálp.
- Hjálparaðilar hafa það hlutverk að hlúa að þolendum og hjálpa þeim yfir fyrsta áfangann
- Við áfall finna margir fyrir losti og sumum finnst tilvera þeirra hrynja til grunna á einu augnabliki
- Sálræn skyndihjálp byggist á líkamlegri og andlegri aðhlyningu einstaklinga sem orðið hafa fyrir alvarlegum áföllum
- Grundarvallaratriði hennar eru nálægð, umhyggja, hlýja og hæfileiki til að hlusta og þekking á eðlilegum, tilfinningalegum og líkamlegum viðbrögðum við ofurálagi

(Borghildur Einarasdóttir og Rúdolf Adolfsson, 1993)

Aðalnámskrá grunnskóla getur um það að eitt af skilgreindum hlutverkum grunnskólans sé að gæta þess að nemendum líði vel, andlega, líkamlega og félagslega.

Það er því augljóst að rétt viðbrögð við áföllum, eða eins og þekking og reynsla segir best til á hverjum tíma, er nauðsynleg.

Viðbrögð við áföllum

Sá sem fyrstur fær upplýsingar um dauðsfall eða alvarlegt slys kemur þeim til skólastjóra sem sér um að afla staðfestra upplýsinga um atburðinn. Skólastjóri kallar á þá sem eru tiltækir í áfallaráði og sér um að starfsfólk og nemendur fái fréttirnar.

Athuga þarf hvort viðkomandi starfsmaður/nemandi á nána ættingja meðal starfsmanna/nemenda sem þurfa að fá fregnina sérstaklega. Eins þarf að huga sérstaklega að vinum.

Bekkjarkennarinn og hugsanlega skólastjóri hafa samband við foreldra/forráðamenn hins látna/slasaða, ef um nemanda er að ræða. Upplýsingum er jafnframt komið til annarra foreldra.

Bekkjarkennarinn þarf að skrá niður viðbrögð sín og bekkjarins. Ritari skráir viðbrögð áfallaráðs.

Hafa ber í huga að betra er að fara sér hægt og gefa sér tíma áður en farið er í aðgerðir til að forðast að gera mistök, t.d. að ganga of langt í upplýsingagjöf.

NEMENDUR

Langvinnir sjúkdómar/alvarleg veikindi nemanda

- Viðkomandi starfsfólki og bekkjarsélgum er greint frá því ef nemandi þarf að vera langdvöllum burt frá skóla vegna alvarlegra veikinda sem leitt geta til dauða
- Áfallaráð ákveður hvernig taka skuli á málinu og metur hve mikið vinna skal með viðkomandi bekki
- Aðilar úr áfallaráði ásamt umskjónarkennara ræða við og vinna með nemendum í einstaka bekkjum sem tengjast málinu eftir aðstæðum
- Athuga hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar
- Sýna atburðinum virðingu án þess að velta sér upp úr honum, m.a. getur bekkurinn sent kveðju

Þegar nemandi kemur aftur í skólann

- Undirbúa þarf bekkjarsélgaga undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur í skólann, en það getur auðveldað endurkomuna
- Umsjónarkennari ásamt aðila úr áfallaráði ræða við nemandan áður en hann kemur í skólann og hlusta eftir því hvernig honum líður og hvort hann kvíði einhverju
- Umsjónarkennari veitir viðkomandi nemanda sérstaka athygli næstu vikur

Alvarlegt slys á nemanda (slys sem verða í skólanum):

- Verði alvarlegt slys á nemanda á skólatíma skal hafa samband við forráðamenn og lögreglu sem allra fyrst

- Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við
- Aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræða við nemendur í einstaka bekkjum sem tengjast málinu
- Starfsfólki og nemendum er greint frá slysinu
- Skólastjórnendur gæta þess að enginn fari heim úr skólanum með rangar eða misvísandi upplýsingar um neinn þátt málsins. Í því sambandi gæti þurft að senda bréf með helstu upplýsingum með nemendum eða hringja
- Ef um alvarlegt slys er að ræða er haldinn fundur með kennurum og starfsfólki skóla þar sem farið er yfir staðreyndir málsins

Slys sem verða utan skólatíma

- Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við
- Viðkomandi starfsfólki og bekkjarfélögum er tilkynnt um slysið

Næstu dagar

- Ört upplýsingastreymi til skólans er mikilvægt
- Bekkjarkennari komi upplýsingum til nemenda
- Athuga hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar
- Sýna atburðinum virðingu án þess að gera of mikið úr honum, m.a. getur bekkurinn sent kveðju

Þegar nemandi kemur aftur í skólann

- Undirbúa þarf bekkjarfélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann, það getur auðveldað nemandanum endurkomuna
- Kennari ásamt áfallaráði ræða við nemandann áður en hann kemur í skólann og hlustar eftir því hvernig honum líður og hvort hann kvíði einhverju
- Umsjónarkennari veitir viðkomandi nemanda sérstaka athygli næstu vikur

Andlát nemanda:

- Skólastjóri sér um að afla staðfestra upplýsinga um atburðinn og hefur samband við heimilið
- Áfallaráð kallað saman á stuttan fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð skólans, m.a. hvernig sagt er frá atburðinum
- Gæta skal þess að náin skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn
- Skólastjóri tilkynni dauðsfallið í frímínútum (ritari skólans sér um að kalla allt starfsfólkið saman)
- Skólastjóri og sóknarprestur tilkynna andlátíð strax í viðkomandi bekkjardeild og umsjónarkennari kemur með í stofuna. Hlúð er að nemendum í bekknum eins og hægt er með aðstoð hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa og/eða sálfræðings
 - a. kveikt er á kerti
 - b. sóknarprestur talar við börnin og biður stutta bæn
- Umsjónarkennarar tilkynna andlátíð í öðrum bekkjardeildum. Mikilvægt er að allir fái fregnina samtímis

- Skólinn dregur fána í hálfra stöng þegar búíð er að tilkynna nemendum andlátið

Vinna í viðkomandi bekk sama dag

- Æskilegt er að bekkjarkennari verði með sínum bekk það sem eftir er skóladags
- Hafa logandi á kerti í kennslustofunni
- Nemendum gefið tækifæri að ræða um atburðinn (lífið og dauðann)
- Sóknarprestur auk hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa, skólastjórnenda og/eða skólasálfræðings aðstoða ef þörf er á
- Gefa þarf börnunum góðan tíma fyrir viðbrögð og spurningar. Sýnið eigin sorg en missið ekki sjálfstjórn
- Verið hjá börnunum í frímínútum og matarhléum. Reynið að fá fleiri fullorðna í lið með ykkur til að fylgjast með viðbrögðum barnanna og veita innbyrðis stuðning
- Forráðamönnum nemenda tilkynnt um atburðinn og hringt heim í bekkinn
- (Forráðamenn beðnir um að sækja börn sín í lok skóladags)
- Bréf sent heim með öllum nemendum þar sem greint er frá því sem gerðist og sagt hvernig skólastarfið verði næstu daga
- Mikilvægt að ritari skólans athugi hvaða nemendur voru ekki í skólanum þennan dag, svo hægt sé að senda skilaboð til þeirra
- Í lok dagsins skal fundað í áfallaráði ásamt umsjónarkennara, þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu

Vinna í viðkomandi bekk næstu daga

- Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi nemanda með samúðarkveðju næstu daga á eftir
- Umsjónarkennari tekur á móti bekknum sínum næstu daga
- Útbúa samúðarkveðju
- Kveikja á kerti (skal loga fram að jarðarför), setja blóm, mynd eða einhvern persónulegan hlut á borð hins látna. Rétt er að enginn setjist í sæti hans fyrst um sinn. Gefið sorginni tíma
- Skrifu minningargrein, syngja lag sem börnunum finnst viðeigandi, biðja bæn, teikna myndir, skrifa bréf til fjölskyldunnar, lesa ljóð eða sögu. Leyfið börnunum að koma með eigin reynslusögur
- Greinið börnunum frá því sem mun gerast næstu dagana, kistulagning og jarðarför
- Kennslustundir næstu dagana þarf að brjóta upp, ef spurningar vakna eða ef upp koma viðbrögð sem sýna sorg, reiði, örvæntingu eða sektarkennd nemendanna. Leyfið börnunum að viðra tilfinningar sínar
- Kennarinn verður að sjá til þess að hann fái sjálfur stuðning og hjálp. Að vera sterkur, rólegur og yfirvegaður í þessari aðstöðu er mikið álag. Talið við einhvern í skólanum á hverjum degi þegar skóladeginum lýkur um það hvernig dagurinn hafi verið. Ákveðið fyrirfram hvenær þessi samtöl eiga að fara fram og þau eiga ekki að fara fram yfir kaffibolla í skyndi eða í

frímínútum. Enginn, allra síst viðkomandi bekkur á skilið að bekkjarkennarinn gefist upp

- Þessir dagar eru ef til vill, fyrir einstaka nemendur, mikilvægustu dagarnir á allri þeirra skólagöngu. **Gefið sorginni tíma**
- Regla er að skólastjóri/aðstoðarskólastjóri, umsjónarkennari og þeir sem tengst hafa barninu verði við jarðarför

AÐSTANDENDUR

Alvarleg veikindi aðstandenda nemanda

- Skólastjórnenndur eða umsjónarkennari fær staðfestingu á veikindunum hjá forráðamanni nemandans
- Upplýsingum komið til umsjónarkennara auk annarra sem málið varða
- Nemendarverndaráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu

Alvarleg slys aðstandenda nemanda

- Skólastjórnenndur eða umsjónarkennari fær staðfestingu á slysinu hjá forráðamanni nemandans
- Upplýsingum komið til umsjónarkennara auk annarra sem málið varða
- Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu
- Aðilar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa bekkinn undir það hvernig bekkurinn tekur á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann. Það auðveldar nemandanum endurkomuna

Andlát nánustu aðstandenda svo sem foreldra og systkina.

- Skólastjóri aflar staðfesta upplýsinga um atburðinn
- Umsjónarkennara nemandans tilkynnt um dauðsfallið
- Skólastjóri hefur samband við ættingja barnsins og biður hann um að sækja barnið í skólann og tala við það þegar heim er komið
- Áfallaráð kallað saman þar sem ákveðin eru fyrstu viðbrögð skólans
- Skólastjóri ásamt sóknarpresti og umsjónarkennara greina bekkjarfélögunum frá atburðinum. Gefa góðan tíma (athuga hvort nán skyldmenni hins látna séu við nám eða störf við skólann)
- Starfsfólki skólans er tilkynnt um atburðurinn
- Bekkurinn útbýr samúðarkveðju
- Skólinn sendir samúðarkveðju til nemandans og fjölskyldu
- Kennari fer með blóm, kerti, ljóð eða eitthvað sem við á.
- Hvetja vinina til að spyrja um barnið og hafa með sér í leik
- Sýna atburðinum virðingu án þess að velta sér upp úr honum
- Leiðbeina börnunum um að vera eðlileg gagnvart viðkomandi

- Aðilar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa bekkinn undir það hvernig bekkurinn tekur á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann. Það auðveldar nemandanum endurkomuna

Bera skal allar aðgerðir skólans undir forráðamenn nemandans til samþykkis og mikilvægt er að hafa þá með í ráðum frá upphafi

STARFSFÓLK SKÓLANS

Andlát starfsmanns.

- Skólastjóri leitar staðfestra upplýsinga um andlátíð
- Skólastjóri greinir starfsfólki frá látinu og bekkjarkennari eða einhver annar, nemendum.
- Gæta þarf að því að náin skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann fái fregninga sérstaklega – ekki yfir hópinn
- Áfallaráð kallað saman á stuttan fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð skólans, m.a. hvernig sagt er frá atburðinum.
- Ef starfsmaður er umsjónarkennari tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarbekk um andlátíð
- Áfallaráð skal meta hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda og hvort þeim er boðið að vera viðstaddir þegar bekknum er tilkynnt um andlátíð
- Skólastjórnendur sendi strax samúðarkveðjur til fjölskyldu hins látna.
- Skólastjórnendur skrifi minningargrein frá skólanum og mæti á jarðarförina sem fulltrúar skólans. Blóm verði send til aðstandenda frá starfsfólki skólans.
- Ef um umsjónarkennara er að ræða kallar skólastjóri forráðamenn á fund og ákveðið er í sameiningu hvernig nemendum er hjálpað í gegnum sorgarferlið. Það má gera með ýmsu móti.

S.s. Nemendur fái aðstoð við að skrifa minningargrein og minningarbók handa aðstandendum. Nemendur færa aðstandendum blóm.

Slys/alvarleg veikindi

Skólastjóri greinir starfsfólki og bekkjarkennari greinir nemendum frá því ef einhver úr hópi starfsfólks hefur lent í alvarlegu slysi/veikindum og þarf af þeim sökum að vera langdvölum burtu úr skóla/starfi. (skólastjóri/áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandendur hvernig tilkynna skuli nemendum slysið/veikindin)

- Fylgst verður með framvindu mála. Skólinn þarf að vera í sambandi við heimilið
- Upplýsingar komi frá presti eða skólastjóra
- Bekkjarkennari komi upplýsingum til nemenda
- Ef bekkur vill senda kveðju þá verði henni komið til umsjónarkennara

Andlát maka starfsmanns

- Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð
- Skólastjóri upplýsir allt starfsfólk
- Ritari skólans sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru
- Gæta þarf að náin skyldmenni hins látna, sem eru við nám og störf við skólann fái fregnina sérstaklega – ekki yfir hópinn
- Ef maki umsjónarkennara fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarbekk andlátíð
- Áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda
- Aðilar úr áfallaráði veita umsjónarbekk stuðning og gefur ráð um hvernig nemendur taki á móti kennara sínum
- Athuga hvort bekkurinn vill senda kennara sínum kveðju
- Skólastjóri fer heim til starfsmanns
- Skólinn sendir samúðarkveðju til starfsmannsins

Verði slys á starfsmanni í skólanum á skólatíma hefur skólastjóri samband við aðstandendur.

Ef tilkynning um andlát berst

Ef tilkynning berst utan skólatíma skal áfallaráð

- Ákveða að hittast í skólanum sem fyrst
- Ákveða fundartíma fyrir foreldrafund þar sem foreldrum gefst kostur á að skipuleggja viðbúnað barnanna
- Skipta bekkjarlista milli tveggja til þriggja til að hringja og tilkynna andlátíð og láta vita um fundartíma

Ef tilkynning berst á skólatíma skal áfallaráð

- Boða til fundar
- Ákveða fundartíma fyrir foreldrafund
- Skipta bekkjarlista milli nokkurra til að tilkynna andlátíð og láta vita um fundartíma
- Tilkynna öðrum starfsmönnum um andlát

Stórslys/náttúruhamfarir

- Skólastjóri/áfallaráð afli upplýsinga um á hvern hátt atburðurinn tengist skólanum
- Haft verði samband við viðeigandi upplýsingamiðstöð, t.d. kirkjuna eða RKÍ

Ofbeldisverk (nem. gerandi)

- Kennari styðji við nemandann, bjóði honum viðtöl við sálfræðing, námsráðgjafa, prest eða hjúkrunarfræðing
- Kennari útskýri aðstöðu nemandans fyrir bekknum

Kynferðisafbrot

Ef grunsemdir vakna í skóla um kynferðisafbrot er slíkum málum vísað beint til barnaverndar.

Skilnaðir

Börn verða alltaf fyrir aðskilnaði og sorg við skilnað. Mikilvægt er að nemandinn fái tækifæri til að tjá sig við kennarann. Gott samstarf milli heimilis og skóla er lykilatriði.

Í símtali þar sem foreldrum barna er tilkynnt andlát bekkjarfélaga þarf eftirfarandi að koma fram

- Staðreynd málsins
- Gefa fólki upplýsingar um að viðbrögð barna við sorg er ólík viðbrögðum fullorðinna. Sum börn líta á dauðann sem staðreynd sem þau gera sér ekki mikinn mat úr, önnur sýna meiri viðbrögð. Hér er aldur barnsins lykilatriði og tengsl þess við hinn látna. Styrkja foreldra í því að allt mögulegt getur verið eðlilegt í þeim efnum. Fullorðna fólkið tekur þessum upplýsingum oft mun ver en börnin. Þess vegna þarf að gefa sér góðan tíma í símtalið.
- Nefna sérstaklega að nota „dáin“ þegar talað er við barnið. Ekki nota orðið sofandi. Það hefur orðið mörgum börnum erfitt í sorgarferli og þau jafnvel óttast að sofna og vakna ekki aftur

- Segja frá áætluðum fundartíma og bjóða fólki að hafa samband aftur ef því finnst það þurfa eða vill.

Tillögur að bréfum til forráðamanna

Almennt bréf vegna slyss í skóla

(skoða betur)!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!1

Ísafirði, (dags. og ár)

Til forráðamanna nemenda í Grunnskólanum á Ísafirði

Sá hörmulegi atburður átti sér stað í dag að (nafn og staða í skólanum ef um kennara er að ræða)..... (hér þarf að koma örlítill lýsing á því sem gerðist til þess að koma í veg fyrir ósannar sögusagnir).

Nemendum ...(bökkjar) hefur verið sagt frá slysinu svo og öðrum nemendum og starfsfólki skólans.

Með vinsemd og þakklæti,

..... skólastjóri

Almennt bréf vegna skyndilegs andláts utan skólans

Ísafirði, (dags. og ár)

Til forráðamanna nemenda í Grunnskólanum á Ísafirði

Þær hörmulegu fréttir bárust í skólann í dag að(nafn og staða í skólanum ef um kennara er að ræða) hefði látist (hvar? T.d. heima eða á Sjúkrahúsi Reykjavíkur eða á slystað) af völdum (dánarorsök, t.d. í umferðarslysi sem varð á X-götu í gærkvöldi eða af völdum hjartaáfalls). Skólastjórnendur votta aðstandendum samúð sína. Við þökkum fyrir allt sem(nafn) var okkur hér í skólanum og geymum í hjörtum okkar allar góðar minningar um kynni og samskipti.

Starfsfólki og nemendum skólans hefur verið sagt frá andlátinu. Í kjölfar þess má gera ráð fyrir að einhverjir nemendanna hafi þörf fyrir að spyrja eða ræða um dauðann. Forráðamönnum er hér með bent á að sú umræða getur komið upp heima. Einnig skal minnt á að kennarar munu, ásamt öðru starfsliði, taka þátt í umræðunni með börnunum innan skólans eftir því sem þörf krefur.

Annars verður allt skólastarfið með hefðbundnum hætti, nema hvað þeir sem þess óska innan skólans munu taka þátt í útförinni þegar þar að kemur.

Með vinsemd og þakklæti

.....skólastjóri

Ritari gengur frá bréfinu samkvæmt fyrirmælum skólastjóra. Tveir aðrir eru fengnir til að lesa það yfir áður en það fer í fjölritun og dreifingu (betur sjá augu en auga)

Almennt bréf vegna andláts eftir langvinn veikindi eða af völdum meiðsla í kjölfar slyss áður

Ísafirði, (dags. og ár)

Til forráðamanna nemenda í Grunnskólanum á Ísafirði

Þær sorglegu fréttir bárust í skólann í dag að (nafn og staða í skólanum ef um kennara er að ræða) hefði látist af völdum (dánarorsök, t.d. af völdum krabbameinsins sem hefur hrjáð hann/hana undanfarin misseri eða af völdum áverka í slysinu í ...).

Skólastjórnendur votta aðstandendum samúð sína. Við þökkum fyrir allt sem (nafn) var okkur hér í skólanum og geymum í hjörtum okkar allar góðar minningar um kynni og samskipti.

Starfsfólki og nemendum skólans hefur verið sagt frá andlátinu. Í kjölfar þess má gera ráð fyrir að einhverjir nemendur hafi þörf fyrir að spyrja eða ræða um dauðann. Forráðmönnum er hér með bent á að sú umræða getur komið upp heima. Einnig skal minnt á að kennarar munu, ásamt öðru starfsliði, taka þátt í umræðunni með börnunum innan skólans eftir því sem þörf krefur.

Annars verður allt skólastarf með hefðbundnum hætti, nema hvað þeir sem þess óska innan skólans munu taka þátt í útförinni þegar þar að kemur.

Með vinsemd og þakklæti,

..... skólastjóri

Ritari gengur frá bréfinu samkvæmt fyrirætlunum skólustjóra. Tveir aðrir eru fengnir til að lesa það yfir áður en það fer í fjölritun og dreifingu (betur sjá augu en auga)

Almennt bréf vegna andláts til umsjónarbekkjar vegna skyndilegs andláts í skóla

Ísafirði, (dags. og ár)

Til forráðamanna nemenda í Grunnskólanum á Ísafirði

Sá hörmulegi atburður átti sér stað í dag að (nafn og staða í skólanum ef um kennara er að ræða)..... (lýsing á dánarsök; t.d. varð bráðkvaddur við störf sín í skólanum, varð fyrir bíl á leið í skólann og lést af völdum...).....(hér þarf að koma örlítil lýsing á því sem gerðist til þess að koma í veg fyrir ósannar sögusagnir).

Skólustjórnendur votta aðstandendum samúð sína. Við þökkum fyrir allt sem (nafn) var okkur hér í skólanum og geymum í hjörtum okkar allar góðar minningar um kynni og samskipti.

Nemendum ...(bekkjar) hefur verið sagt frá andlátinu, svo og öðrum nemendum og starfsfólki skólans. Í kjölfar þess má gera ráð fyrir að einhverjir nemendanna hafi þörf fyrir að spyrja eða ræða um dauðann. Forráðmönnum er hér með bent á að sú umræða getur komið upp heima. Einnig skal minnt á að kennarar munu, ásamt öðru starfslíði, taka þátt í umræðunni með börnunum innan skólans eftir því sem þörf krefur.

(sérklausu ef um umsjónarkennara bekkjar er að ræða)

Næstu daga verður kennsla í bekknum samkvæmt stundaskrá og fenginn forfallakennari til að brúa bilið uns nýr kennari er kominn til starfa.

Þeir nemendur sem vilja, taka þátt í útförinni þegar þar að kemur. Þá er líklegt að börnin vilji senda aðstandendum blóm og sum jafnvel skrifa minningargrein. Þótt reynt verði að halda skólustarfinu í eðlilegum farvegi verður að sjálfsögðu svigrúm til aðstoðar við slíkt innan skólans.

Með vinsemd og þakklæti,

..... skólastjóri

Ritari gengur frá bréfinu samkvæmt fyrirætlunum skólastjóra. Tveir aðrir eru fengnir til að lesa það yfir áður en það fer í fjölrítun og dreifingu (betur sjá augu en auga)